

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025.

Þingskjal 1094 – 643. mál, lagt fram á 150. löggjafarþingi 2019-2020

Þeirri áherslu á forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem þingsályktunartillagan ber vitni um ber að fagna og fullt tilefni er til að styðja við framgang málefnsins. Það sem einkum er jákvætt í tillögunni er á hversu víðtækri sýn hún byggir, bæði með tilliti til aldurs og þroska þeirra einstaklinga og hópa sem hún beinist að og með tilliti til grundvallaratriða forvarna á þessu sviði. Þannig er áhersla á sterka sjálfsmynd og þekkingu og virðingu fyrir mörkum afar mikilvægur grundvöllur alls forvarnarstarfs.

Á sama hátt ber að fagna þeirri áherslu sem er á aðgengi aðila að viðeigandi og markvissu kennslu- og stuðningsefni til að vinna að forvarnarverkefninu sem er til umfjöllunar.

Það sem sveitarfélagið staldrar við í þingsályktunartillögunni eru þau atriði sem geta verið íþyngjandi eða valdið kostnaðarauka. Þannig eru þau atriði sem talin eru upp á ábyrgð starfsfólks skóla enn ein viðbótin við verkefni sem einkum grunnskólakennarar kvarta undan að taki of stóran hluta tíma þeirra, og er þá vísað til sérstakra teyma í málaflokknum sem gert er ráð fyrir að séu starfrækt í hverjum skóla. Þegar bæta þarf nýjum, eða nýskilgreindum, verkefnum á starfsfólk stofnana sveitarfélaga er nauðsynlegt að horfa á þau verkefni í samhengi við þau verkefni sem þegar er unnið að og finna leið til að samræma og samþætta verkefni þannig að ekki verði um beina viðbót að ræða. Í tillögunni er gert ráð fyrir að í hverjum grunnskóla starfi sérstakt teymi með aðkomu tilgreindra aðila innan skólans og utan. Í þessu sambandi má minna á orðalag í bókun 1 við kjarasamning sveitarfélaganna við grunnskólakennara árið 2016 þar sem eftirfarandi áhersla er lögð:

Beina skal sjónum að innra starfi skóla og þeim verkefnum sem grunnskólinn sinnir, tryggja að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni í skólastarfi og létta álagi af kennurum þar sem við á.

Ef ekki á að auka enn álag á kennara má búast við óhjákvæmilegum kostnaðarauka vegna þeirrar teymisvinnu sem verklagið sem kynnt er í tillögunni byggir á.

Almennt séð hafa sveitarfélög í vaxandi mæli unnið að samþættingu forvarnarverkefna og stuðningsúrreða við börn og fjölskyldur í stað þess að aðgreina þau á grundvelli stofnana og fagaðila og æskilegt væri að málefni þingsályktunartillögunnar félli betur að þeirri sýn og því vinnulagi.

Þau verkefni sem skólaskrifstofum sveitarfélaga eru ætluð samkvæmt tillögunni, svo sem þau er snúa að utanumhaldi og skilum á tölfræði í tengslum við málaflokkinn eru bein viðbót við þau verkefni sem skrifstofurnar bera ábyrgð á og hafa því óumflýjanlega kostnaðarauka í för með sér. Þá er ekki tekið fram hvernig þjónustu við þá skóla sem eru utan skólaskrifstofa skuli háttáð.

Það þarf því að meta sérstaklega hugsanlegan kostnaðarauka fyrir sveitarfélög þegar þau innleiða það verklag sem tillagan byggir á.

F.h. Fljótshéraðs



Björn Ingimarsson, bæjarstjóri

